

Efnahagsleg áhrif af starfsemi Háskóla­seturs Vestfjarða

Neil Shiran Þórisson

Desember 2010

Þessi greinargerð er samantekt á beinum efnahagslegum áhrifum af starfsemi Háskóla­seturs Vestfjarða.

Inngangur

Þessi greinargerð er unnin til þess að fá yfirlit yfir þau efnahagslegu áhrif sem verða af starfsemi Háskólaseturs Vestfjarða (HV). Háskólasetrið hefur vaxið og dafnað undanfarin ár og er mikilvægt að gera grein fyrir þeim efnahagslegu áhrifum sem verða af starfseminni. HV skapar bæði störf sem hafa bein áhrif á atvinnulífið auk þess sem nemar koma til Vestfjarða til þess að stunda nám við sertið. Þeir hafa óbein áhrif á atvinnulífið með aukinni eftirspurn eftir vörum, þjónustu og húsnæði á svæðinu. Ekki má heldur gleyma þeirri grunnforsendu að námið auðgar þann mannauð sem er til staðar á Vestfjörðum í þeim aldurshópi sem mest vantar á svæðið.

Til að mæla bein efnahagsleg áhrif HV var tekið viðtal við Peter Weiss, forstöðumann, þar sem ársreikningar voru greindir með tilliti til útgjalda og starfsemi.

Til að mæla óbeinu áhrifin var framkvæmd neyslukönnun hjá háskólanemum við HV. Að auki var samfélagslega hliðin lítillega skoðuð, þar sem kannað var hvað nemarnir væru að nýta sér í formi afþreyingu og þjónustu. Niðurstöðurnar úr könnuninni voru notaðar sem forsendur til þess að meta áhrifin á heilsársgrundvelli.

Í eftirfarandi greinargerð er gert grein fyrir niðurstöðum viðtala og kannana.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða (Atvest) hefur stutt við HV undanfarin ár og hefur m.a. það hlutverk að kanna það efnahagslega vægi sem stærri verkefni svæðisins hafa fyrir atvinnulífið. Verkefnisstjóri Atvest, Neil Shiran Þórisson vann greinargerðina í samvinnu við fulltrúa nemenda HV Jennifer Brown og forstöðumann HV og annarra starfsmanna HV. Leitað var ráðgjafar og umsagnar hjá Kristni Hermannssyni, doktorsnema í hagfræði við Strathclyde Háskóla í Glasgow.

Almennt um Háskólasetrið og starfsemi

Háskólasetur Vestfjarða er lítil stofnun á háskólastigi. Það var stofnað árið 2005 og tók til starfa í janúar 2006. Við Háskólasetrið sjálft starfa um 10 manns auk lausráðinna kennara. Í húsnæði Háskólaseturs starfa í heild yfir 50 manns við rannsóknir, kennslu og þjónustu hjá ýmsum stofnunum og fyrirtækjum.

Háskólasetrið er fjarnámssetur sem þjónustar um 125 fjarnema, það starfrækir meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun fyrir um 40 meistaranema auk þess að bjóða upp á margs konar sumarnámskeið.

Í gegnum fjarnámið sækja Vestfirðingar menntun án þess að þurfa að flytja úr sinni heimabyggð. Háskólasetrið sér fjarnemum fyrir fjarfundarbúnaði, hópvinnaðstöðu og lestrarsölum. Fjarnemarnir hafa verið allt að 150 á ársgrundvelli. Síðustu ár hefur þróunin verið í átt að fleiri og smærri hópum, en heildarfjöldi haldist stöðugur.

Meistaranámið í haf- og strandsvæðastjórnun var sett formlega í september 2008 af menntamálaráðherra. Námsmenn útskrifast frá Háskólanum á Akureyri með Master of Resource Management (MRM) gráðu. Námið er alþjóðlegt, þverfaglegt og kennt í þriggja vikna lotum. Allar loturnar eru opnar þátttakendum frá íslenskum og erlendum háskólum og úr atvinnulífinu. Haustið 2010 verða 45 nemar skráðir í meistaranámið og brautskráðust fyrstu 8 nemarnir í júní 2010. Vorið 2011 er þar að auki í fyrsta skipti von á 6 skiptinimum frá Hollandi og Noregi.

Háskólasetrið skipuleggur fjölda sumarnámskeiða á Vestfjörðum og stendur jafnframt fyrir sérsniðnum námskeiðum fyrir innlenda og erlenda vettvangsskóla. Árið 2009 leiddi starfsemi Háskólaseturs af sér um 4.000 gistinætur á Vestfjörðum og er útlit fyrir svipaðan fjölda árið 2010.

Árin 2008 og 2009 bauð Háskólasetrið, í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, upp á frumgreinanám fyrir um 40 stað- og fjarnema á Vestfjörðum. Háskólasetrið hafði jafnframt umsjón með allri kennslu fjarnáms fyrstu annar frumgreinanáms HR og hefur sú samvinna haldið áfram árið 2010. Frumgreinanámi var hætt vorið 2010, enda var fjármögnun þess tímabundin, en verksamningur við HR um fjarkennslu til Reykjavíkur tók við þannig að hluti kennslunnar helst fyrir vestan.

Háskólasetur Vestfjarða er stærsta stofnunin í Vestrahúsinu á Ísafirði og leiðandi í samstarfi stofnana í rannsóknarklasa Vestfjarða. Alla jafna sinnir Háskólasetrið þó ekki rannsóknum nema í samstarfi við rannsóknarstofnanir innan og utan Vestfjarða.

Háskólasetur Vestfjarða er aðili að alþjóðlegum samstarfsverkefnum, meðal annars á vegum Norðurslóðaháskólans (University of the Arctic) og hefur tekið þátt í verkefnum Norðurlandaráðs og Evrópusambandsins.

Háskólasetur Vestfjarða leggur áherslu á gæðastarf og fylgir Bologna-kröfum evrópskra háskóla í samvinnu við innlenda og erlenda samstarfsháskóla sína. Jafnframt er Háskólasetrið ung og sveigjanleg stofnun í samstarfsneti íslenskra háskóla. Starfsmenn leggja sig fram við að þjónusta náms- og rannsóknarmenn á Vestfjörðum sem allra best og veita þeim náms- og rannsóknarmönnum utan Vestfjarða, sem vilja tengjast litlu en heillandi rannsóknarumhverfi, fyrirtaks þjónustu.

Stjórnendasamantekt

Hjá Háskólasetri Vestfjarða (HV) eru um 50 nemar í staðbundnu námi í haf- og strandsvæðastjórnun. Þeir fjármagna nám sitt að mestu leyti með erlendu fjármagni og kemur 94,5% af framfærsluféi þeirra erlendis frá. Þessir fjármunir fara í að greiða fyrir neyslu og upphald á svæðinu.

Í neyslukönnun sem framkvæmd var komu fram mikilvægar forsendur sem notaðar voru við útreikninga á aukinni neyslu sem skapast vegna erlendra nema sem stunda nám í haf- og strandsvæðastjórnun við HV. Þar kom í ljós að erlendu nemarnir eyddu um 82 þkr. á mánuði þar sem húsnæði var stærsti liðurinn um 33 þkr. á mánuði en þar á eftir matvæli og drykkir fyrir 26 þkr. á mánuði og afþreying 12 þkr.

Miðað við fjölda nema í staðbundnu námi í haf- og strandsvæðastjórnun er aukning á neyslu að meðaltali á ársgrundvelli um 49 mkr. Við HV eru einnig nemar sem sækja styttri námskeið til Vestfjarða á vegum HV og er áætluð neysluaukning sem verður vegna þeirra um 11 mkr. Til viðbótar við nemana koma til þeirra gestir sem nýta sér verslun og aðra þjónustu og er áætluð neysluaukning sem verður vegna þeirra um 17 mkr.

HV er launagreiðandi og greiðir um 60 mkr. til aðila innan Vestfjarða. Ætla má að þeir fjármunir fari í að greiða einkaneyslu viðkomandi starfsmanna. HV kaupir einnig þjónustu innan svæðisins fyrir 63 mkr. og af aðilum utan þess fyrir 32 mkr. og því þjónustu samtals fyrir 95 mkr. í heildina. Þar sem HV fær kennara og fyrirlesara til að koma til svæðisins er gert ráð fyrir að neysla slíkra aðila sé í kringum 3 mkr. á ársgrundvelli.

Í heildina eru eftirfarandi efnahagsleg áhrif mæld í beinni aukningu á neyslu og launagreiðslum til aðila innan Vestfjarða:

Samantekt á áhrifum fyrir Vestfirði	
Neysla (ásamt húsnæði) nema í haf- og strandsvæðastjórnun	49.212.700
Launagreiðslur HV til aðila innan Vestfjarða	59.438.639
Neysla nema sem koma í styttri sumarnámskeið	11.226.578
Neysla ferðamanna sem heimsækja nema við HV	16.528.050
Neysla kennara innan svæðis sem koma utan Vestfjarða	3.123.750
Þjónusta (þ.m.t. húsnæði) sem keypt er innan Vestfjarða	63.236.807
Samtals	202.766.524

Miðað við þær niðurskurðartillögur sem nú liggja fyrir er ljóst að skerða þarf þjónustu HV og sú skerðing hefur áhrif á efnahagsleg áhrif eins og tekið er saman í eftirfarandi töflu:

Ár	Tekjur/Framlög til Hsvest	Áhrif fyrir Vestfirði
Ár 2009	128	203
Ár 2010	91	189
Ár 2011	64	68


Neyslukönnun

Framkvæmd var neyslukönnun meðal nemenda HV til þess að meta hvaða aukna eftirspurn eftir vörum, þjónustu og húsnæði ætti sér stað. Eftirfarandi þættir voru skoðaðir:

- Uppruni fjármuna sem notaðir voru til framfærslu á meðan á námi stóð
- Neysla matar og drykkja
- Húsnæði
- Bifreiða- og samgöngukostnaður
- Fatnaður
- Afþreying
- Aukning á eftirspurn sem myndast við gestakomur til nemanna
- Eftirspurn eftir samfélagslegum þáttum

Könnunin var send vefrænt til 43 nema og var svarað á tímabilinu 3.-5. nóvember 2010. 36 nemar svöruðu og var svarhlutfallið því 83,72%.

Uppruni fjármuna



Mikill meirihluti þess fjármagns sem nemar nýta til framfærslu á svæðinu kemur utan Íslands, þ.e.a.s. fjármunirnir hvort sem um ræðir lán, styrki eða sparifé, var fengið utan Íslands. Þetta er mjög mikilvægt því hér er um að ræða fjármuni sem koma inn í hagkerfið utan frá.

Gera má ráð fyrir að þeir námsmenn, sem fjármagna sig með íslenskum námslánum o.fl. séu íslenskir nemendur, en haustið 2009 voru 14% námsmanna íslenskir ríkisborgarar.

Svarmöguleikar	Meðaltalsneysla í kr.
Matur og drykkur (án áfengis)	26.167
Húsnæði, rafmagn og hiti	33.712
Síma- og fjarskiptakostnaður	3.179
Afþreying (kvikmyndir, viðburðir, barir, áfengi)	12.742
Samgöngukostnaður (eldsneyti, almenningssamgöngur...)	4.650

Einnig gerðu nemarnir ráð fyrir að eyða um 19 þkr. á ársgrundvelli í fatnað sem þeir myndu kaupa á Vestfjörðum.

Að meðaltali gerði hver nemandi ráð fyrir að 6 gestir kæmu í heimsókn og myndu dveljast í 7 daga. Þetta eykur eftirspurn innan ferðaþjónustunnar um 270 gesti og 1890 gistinætur á ársgrundvelli. Það má leiða líkur að því að þessir gestir kaupi gistingu, fæði, skoðunarferðir og aðra afþreyingu sambærilega við það sem aðrir ferðamenn á svæðinu gera.

Samfélagslegir þættir

Af þeirri samfélagslegu þjónustu, afþreyingu og félagsstarfi sem nemarnir nýta sér má nefna:

- Tónlistarstarf: Kórastarf og hljóðfæraleikur
- Íþróttastarf: Blak, körfubolti, knattspyrna, kayak, snjóþretti, köfun, brimbretti, frjálssar íþróttir, hlaup, pilates, jóga og líkamsrækt
- Veitingastaðir, kaffihús, kvikmyndahús og skemmtistaðir
- Þrjónaklúbbur
- Smölun
- Rauði krossinn
- Stangveiði

Sú aðstaða sem nemarnir nýta sér:

- Íþróttahús á Ísafirði og Bolungarvík
- Sundlaugar á Ísafirði og Bolungarvík
- Skíðasvæði Ísafirðinga (alpa- og gönguskíðasvæði)
- Aðstaðan hjá Sæfara
- Náttúran, til gönguferða og fjallgöngu og hafið fyrir brimbretti og stangveiði
- Útikörfuboltavöllurinn á Ísafirði
- Auk aðstöðu þar sem starfsemi veitingastaða, skemmtistaða, kaffihúsa, kvikmyndahúsa osfrv. fer fram

Útreikningar á neyslu og heildaráhrifum

Í eftirfarandi útreikningum er aðeins horft á bein neysluáhrif en ekki tekið tillit til margfeldisáhrifa sem gætir, þ.e.a.s. þegar nemandi kaupir vöru eða þjónustu fer andvirðið af kaupnum í að greiða laun og kaupa þjónustu og aðföng. Auk þess mynda viðskiptin hluta af hagnaði fyrirtækjanna. Þessum fjármunum er svo aftur, að einhverju leyti, eytt í hagkerfinu innan Vestfjarða. Hægt væri að gera ítarlegri greiningu á þessum margfeldisáhrifum en í þessari greinargerð er fyrst og fremst horft á beinu áhrifin.

Nemar í staðbundnu námi

Miðað við þær forsendur sem koma fram út frá neyslukönnuninni má áætla eftirfarandi:

	Mánaðarleg útgjöld	Á árs grundvelli
Matur og drykkur	26.167	314.004
Húsnæði	33.712	404.544
Sími og internet	3.179	38.148
Afþreying	12.745	152.940
Samgöngur	4.650	55.800
Fatnaður	1.568	18.818
Samtals	82.021	984.254

Aukin eftirspurn nema á ársgrundvelli 49.212.700

Hjá Háskólasetrinu eru 50¹ meistaranemar og eykst því eftirspurn eftir ofangreindum vörum og þjónustu um **49 mkr. á ársgrundvelli**.

¹ Þessi tala endurspeglar fjölda námsmanna haustið 2010. Á árinu 2009 var námið enn í uppbygginu og fjöldi námsmanna 29.

Nemar í sumarskóla

Auk eftirspurnar sem verður til við staðbundna kennslu á ársgrundvelli verður einnig til aukning í eftirspurn vegna erlendra nema sem koma til Vestfjarða í styttri námskeið. Þessa aukningu má áætla út frá ákveðnum forsendum sem fengust hjá HV og út frá viðeigandi hlutfalli af þeim forsendum sem fengust úr neyslukönnuninni. Sú aukning er eftirfarandi:

Vegna erlendra nema í styttri tíma	
Fjöldi nema sem koma erlendis frá	125
Dvalarlengd ²	20
Meðal gistikostnaður með 1/2 fæði skv. birgjum HV	4.000
Hlutfallaður mán. fæðiskostnaður nema miðað við neyslukönnun	9.813
Samtals aukning á eftirspurn á gistingu og neysla á fæði	11.226.578

Neysla þeirra sem heimsækja nema í staðbundnu námi

Fulltrúi nemenda HV taldi að oftast en ekki gistu gestir nemendanna í húsnæði nemendanna en neyslan væri hins vegar til staðar og oftast væri hún með svipuðum hætti og hjá öðrum ferðamönnum. Erfitt er að finna tölur um daglega neyslu erlendra ferðamanna á Íslandi. Til viðmiðunar má líta til þann fæðiskostnaðar sem ferðakostnaðarnefnd Fjármálaráðuneytisins setur um fæðis- og dagpeninga, og er notað sem forsenda um algjöra grunnneyslu til að finna út neyslu þeirra sem heimsækja nemendurna við HV.

Forsendur og neysla gestanna sem heimsækja nema við HV	
Fjöldi gesta pr. nema	6
Dvalarlengd	7
Fjöldi nema haustið 2010	45
Heildarfjöldi gesta	270
Heildarfjöldi náttu	1890
Fæðiskostnaður pr. dag	8.745 kr.
Samtals neysla	16.528.050

² Til skýringar: gistinætur í sumarháskólum, íslenskunámskeiðum og í vettvangsskólum eru amk. 2.500. Fjöldi nema er meiri en sum námskeið eru styttri. Útkoman er því sú sama og 20 nætur x125 nemar og er notast við þær forsendur til einföldunar.

Greining á starfsemi HV

Eftirfarandi kafli er samantekt af vinnufundi sem haldin var með forstöðumanni Háskólaþess Vestfjarða þar sem ársreikningur HV 2009 var greindur. Árið 2009 er það ár sem hefur lang hæstu veltu HV frá upphafi, en skv. fjárhagsáætlun fer hún úr ca. 142 m niður í 116 m 2010. Þar munar mest um að fjármögnun Frumgreinanáms datt algjörlega niður en sömuleiðis féll allur kostnaður vegna námsins niður upp úr maí 2010. Vert er að benda á að árið 2009 er ekki dæmigert ár í starfsemi HV vegna þeirra umsvifa sem fylgdu Frumgreinanáminu. Að öðru leyti er árið 2009 þó raunhæft viðmið hvað starfsemi HV varðar, einkum með tilliti til meistaranámsins sem þá var búið að ná áætluðum nýnemendafjölda sem einnig náðist árið 2010.

Háskólaþetrið sjálft hefur áhrif á aukningu á eftirspurn í hagkerfinu á Vestfjörðum. Sú aukning er til komin vegna þeirra launa sem greidd eru til starfsmanna og vegna þeirrar þjónustu sem keypt er vegna starfsemi HV. Í eftirfarandi töflum eru dregnar saman tölur sem skipta mál í því samhengi.

Neðangreind laun eru þau laun sem greidd eru til aðila sem eru með lögheimili á Vestfjörðum. Gera má ráð fyrir að þau komi að mestu leyti til með að standa straum af neyslu þeirra starfsmanna sem starfa við setrið og þar með skapi aukningu á eftirspurn innan svæðisins.

Launagreiðslur Háskólaþess Vestfjarða	
Almenn starfsemi Háskólaþess Vestfjarða	43.598.639
Vegna Haf- og strandsvæðanáms	1.500.000
Vegna Frumgreinanáms	14.340.000
Samtals laun	59.438.639

Hluti af launagreiðslum HV eru einnig fólgnar í því að greiða fyrir íslenska og erlenda kennara og fyrirlesara. Í haf- og strandsvæðastjórnunarnáminu má áætla:

Vegna erlendra kennara skapast eftirfarandi aukning í eftirspurn í neyslu	
Kennarar sem koma utan Vestfjarða eða erlendis frá	17
Dvalartími í fjölda daga	21
Áætlaður fæðiskostnaður (m.v. Ferðakostnaðarnefnd) ³	8.750
Samtals aukin neysla á fæði á svæðinu	3.123.750

³ Til að áætla neyslu þeirra erlendu kennara sem koma til Vestfjarða eru notaðar forsendur um fæðis- og dagpeninga sem fengið er frá ferðakostnaðarnefnd Fjármálaráðuneytisins.

Háskólasetrið er einn af stórum aðilum á svæðinu sem kaupa þjónustu og veitir eftirfarandi tafla yfirlit um það

Önnur aðkeypt þjónusta/rekstrargjöld Háskólaseturs Vestfjarða

Innan Vestfjarða:

Húsnæði ⁴	22.333.000
Verkefnakostnaður, tölvuþjónusta, viðhald, skrifstofuvörur, rekstrarvörur og önnur þjónustukaup vegna verkefna	40.903.807
Samtals innan Vestfjarða	63.236.807

Önnur þjónusta keypt utan Vestfjarða 31.574.728

Samtals önnur þjónustukaup Háskólaseturs Vestfjarða 94.811.535

Í ofangreindu er mikilvægt að horfa á þær greiðslur sem fara til aðila sem útvega húsnæði, tölvuþjónustu, viðhaldsþjónustu, skrifstofuvörur og annað til HV. Þessar greiðslur renna til aðila innan Vestfjarða og hafa þær margfeldisáhrif inn í hagkerfið þ.e.a.s. með þessum greiðslum HV eru birgjar HV að greiða laun, kaupa þjónustu og aðföng sem stækka hagkerfið.

⁴ Á árinu 2009 var í ársreikningum lægri húsaleiga gjaldfærð vegna niðurgreiðslna á leigu en raunkostnaður á húsnæði er sú tala sem tilgreind er í töflunni. Í ársreikningum er húsnæðiskostnaður 7,4 mkr. en undir eðlilegum kringumstæðum væri húsnæðiskostnaður um 22,3 mkr. eins og gert er ráð fyrir í greinargerðinni.

Heildarsamantekt á áhrifum fyrir Vestfirði

Samantekt á áhrifum fyrir Vestfirði	
Neysla (ásamt húsnæði) nema í haf- og strandsvæðastjórnun	49.212.700
Launagreiðslur HV til aðila innan Vestfjarða	59.438.639
Neysla nema sem koma í styttri sumarnámskeið	11.226.578
Neysla ferðamanna sem heimsækja nema við HV	16.528.050
Neysla kennara innan svæðis sem koma utan Vestfjarða	3.123.750
Þjónusta (þ.m.t. húsnæði) sem keypt er innan Vestfjarða	63.236.807
Samtals	202.766.524

Af ofangreindu má sjá að starfsemi HV skilar beint og óbeint að minnsta kosti c.a. 203 mkr. til vestfirska hagkerfisins að ótöldum um 32 mkr sem fara til kaupa á þjónustu bæði á Íslandi og erlendis frá. Mestu munar um launagreiðslur til einstaklinga á Vestfjörðum og neyslu nemenda í staðbundnu námi. Önnur þjónustukaup eru einnig umtalsverð. Þær tekjur sem HV fær 2009 eru um 128 mkr. og er HV því að skila meiri verðmætum til baka með margfeldisáhrifum sínum.

Sviðsmynd


Neðangreind sviðsmynd gerir ráð fyrir eftirfarandi lækkun tekna og framlaga til HV auk lækkunar á áhrifum fyrir Vestfirði:

Ár	Tekjur/Framlög til HV	Áhrif fyrir Vestfirði
Ár 2009	128	203
Ár 2010	91	189
Ár 2011	64	68

Tölur ársins 2010 eru rauntölur: Fjármögnun Frumgreinanáms hefur þegar dottið niður frá janúar 2010 og kostnaður frá maí 2010. Endurskoðaður ársreikningur liggur enn ekki fyrir en tölurnar byggja á endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2010.

Í ofangreindri töflu er gert ráð fyrir að á árinu 2011 lækki framlög eins og boðað er í Fjárlagafrumvarpi fyrir 2011, sem sagt um tæp 30% það þýðir að meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun leggst af. Áhrif þess miðað við útreikninga á efnahagslegum áhrifum þýðir minnkun á eftirspurn vegna neyslu nema, neyslu erlendra kennara/fyrirlesara, launagreiðslum HV og minni aðkeyptri þjónustu, en síðastnefndu liðirnir myndu minnka um 50%.

Myndræn framsetning þessarar þróunar er eftirfarandi:



Af ofangreindu má sjá að það er fyrst og fremst meistaranámið í haf- og strandsvæðastjórnun sem skapar mikla aukningu í neyslu og umsvifum í starfsemi. Skerðist tekjur HV 2011 um 30%, þarf að leggja niður það nám með ofangreindum efnahagslegum afleiðingum.